

Ed. **500. Frumvarp til laga** [143. mál]

um breyting á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

Samhljóða þskj. 151 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

9. gr. laganna orðist svo:

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði að upphæð 115 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1982.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977, og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði samkvæmt VII. kafla þessara laga.